

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

▼ Þetta lyf er undir sérstöku eftirliti til að nýjar upplýsingar um öryggi lyfsins komist fljótt og örugglega til skila. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu. Í kafla 4.8 eru upplýsingar um hvernig tilkynna á aukaverkanir.

1. HEITI LYFS

Verquvo 2,5 mg filmuhúðaðar töflur
Verquvo 5 mg filmuhúðaðar töflur
Verquvo 10 mg filmuhúðaðar töflur

2. INNIHALDSLÝSING

Verquvo 2,5 mg filmuhúðaðar töflur

Hver filmuhúðuð tafla inniheldur 2,5 mg af vericiguati.

Hjálparefni með þekkta verkun

Hver filmuhúðuð tafla inniheldur 58,14 mg af laktósa (sem einhýdrat), sjá kafla 4.4.

Verquvo 5 mg filmuhúðaðar töflur

Hver filmuhúðuð tafla inniheldur 5 mg af vericiguati.

Hjálparefni með þekkta verkun

Hver filmuhúðuð tafla inniheldur 55,59 mg af laktósa (sem einhýdrat), sjá kafla 4.4.

Verquvo 10 mg filmuhúðaðar töflur

Hver filmuhúðuð tafla inniheldur 10 mg af vericiguati.

Hjálparefni með þekkta verkun

Hver filmuhúðuð tafla inniheldur 111,15 mg af laktósa (sem einhýdrat), sjá kafla 4.4.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Filmuhúðuð tafla (tafla)

Verquvo 2,5 mg filmuhúðaðar töflur

Hringlaga, tvíkúptar, hvítar filmuhúðaðar töflur, 7 mm í þvermál, merktar með „2.5“ á annarri hliðinni og „VC“ á hinni hliðinni.

Verquvo 5 mg filmuhúðaðar töflur

Hringlaga, tvíkúptar, rauðbrúnar filmuhúðaðar töflur, 7 mm í þvermál, merktar með „5“ á annarri hliðinni og „VC“ á hinni hliðinni.

Verquvo 10 mg filmuhúðaðar töflur

Hringlaga, tvíkúptar, gul-appelsínugular filmuhúðaðar töflur, 9 mm í þvermál, merktar með „10“ á annarri hliðinni og „VC“ á hinn hliðinni.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Verquvo er ætlað til meðferðar við langvarandi hjartabilun með einkennum hjá fullorðnum sjúklingum með minnkað útfallsbrot sem hafa náð stöðugleika eftir nýlega skerðingu á hjartastarfsemi sem krafðist meðferðar í bláæð (sjá kafla 5.1).

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Skammtar

Vericiguat er gefið samhliða öðrum meðferðum við hjartabilun.

Áður en meðferð með vericiguati er hafin skal gæta þess að bæta vökvaástand og finnstilla meðferð með þvagræsilyfjum til þess að ná stöðugleika hjá sjúklingum eftir skerðingu á hjartastarfsemi, einkum hjá sjúklingum með mjög há gildi NT-proBNP (sjá kafla 5.1).

Ráðlagður upphafsskammtur er 2,5 mg af vericiguati einu sinni á dag. Tvöfalda á skammtinn á u.þ.b. 2 vikna fresti til að ná fram æskilegum viðhaldsskammti sem er 10 mg einu sinni á dag, eftir því sem sjúklingurinn þolir.

Ef sjúklingar eiga erfitt með að þola lyfið (lágþrýstingur með einkennum eða slagbilsþrýstingur [SBP] lægri en 90 mmHg) er ráðlagt að draga tímabundið úr skömmtum eða hætta meðferð með vericiguati (sjá kafla 4.4).

Ekki skal hefja meðferð hjá sjúklingum með slagbilsþrýsting < 100 mmHg (sjá kafla 4.4).

Skammtur sem gleymist

Ef skammtur gleymist, á að taka hann um leið og sjúklingurinn man eftir því sama daginn og skammturinn gleymdist. Sjúklingar eiga ekki að taka tvo skammta af vericiguati sama daginn.

Sérstakir sjúklingahópar

Aldraðir

Ekki er þörf á skammtaaðlögun hjá öldruðum sjúklingum (sjá kafla 5.1 og 5.2).

Skert nýrnastarfsemi

Ekki er þörf á skammtaaðlögun hjá sjúklingum með áætlaðan gaukulsíunarhraða (eGFR) ≥ 15 ml/mín./1,73 m² (án skilunar). Meðferð með vericiguati er ekki ráðlögð hjá sjúklingum með áætlaðan gaukulsíunarhraða < 15 ml/mín./1,73 m² við upphaf meðferðar eða sem eru í skilun (sjá kafla 4.4 og 5.2).

Skert lifrarstarfsemi

Ekki er þörf á skammtaaðlögun hjá sjúklingum með væga eða miðlungsmikla skerðingu á lifrarstarfsemi. Meðferð með vericiguati er ekki ráðlögð hjá sjúklingum með verulega skerðingu á lifrarstarfsemi (sjá kafla 4.4 og 5.2).

Börn

Ekki hefur enn verið sýnt fram á öryggi og verkun vericiguats hjá börnum og unglíngum yngri en 18 ára. Engar klínískar upplýsingar liggja fyrir. Aukaverkanir komu fram á beinum í vexti í forklínískum rannsóknum (sjá kafla 5.3).

Lyfjagjöf

Til inntöku. Verquvo skal taka með mat (sjá kafla 5.2).

Muldar töflur

Ef sjúklingar geta ekki gleypst heilar töflur má mylja Verquvo og blanda saman við vatn rétt fyrir gjöf (sjá kafla 5.2).

4.3 Frábendingar

- Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1.
- Samhliða notkun annarra efna sem örva leysanlegan gúanýlatsýklasa (sGC), eins og riociguat (sjá kafla 4.5).

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Lágþrýstingur með einkennum

Vericiguat getur valdið lágþrýstingi með einkennum (sjá kafla 4.8). Sjúklingar með slagbilsþrýsting undir 100 mmHg eða lágþrýsting með einkennum við upphaf meðferðar voru ekki rannsakaðir. Íhuga skal hættuna á lágþrýstingi með einkennum hjá sjúklingum með blóðmagnsminnkun, verulega útblæðishindrun í vinstri slegli, lágþrýsting í hvíld, starfstruflun í sjálfvirka taugakerfinu, sögu um lágþrýsting eða samhliða meðferð með blóðþrýstingslækkandi lyfjum eða lífrænum nítrötum (sjá kafla 4.5). Ef sjúklingar eiga erfitt með að þola lyfið (lágþrýstingur með einkennum eða slagbilsþrýstingur lægri en 90 mmHg) er ráðlagt að draga tímabundið úr skömmtum eða hætta meðferð með vericiguati (sjá kafla 4.2).

Samhliða notkun vericiguats og PDE5 hemla, svo sem síldenafils, hefur ekki verið rannsökuð hjá sjúklingum með hjartabilun og er því ekki ráðlögð vegna hugsanlegrar aukinnar hættu á lágþrýstingi með einkennum (sjá kafla 4.5).

Skert nýrnastarfsemi

Sjúklingar með eGFR < 15 ml/mín./1,73 m² við upphaf meðferðar eða sem eru í skilun hafa ekki verið rannsakaðir, því er meðferð með vericiguati ekki ráðlögð hjá þessum sjúklingum (sjá kafla 4.2 og 5.2).

Skert lifrarstarfsemi

Sjúklingar með verulega skerðingu á lifrarstarfsemi hafa ekki verið rannsakaðir, því er meðferð með vericiguati ekki ráðlögð hjá þessum sjúklingum (sjá kafla 4.2 og 5.2).

Hjálparefni

Laktósi

Lyfið inniheldur laktósa. Sjúklingar með arfgengt galaktósaóþol, algjöran laktasaskort eða glúkósa-galaktósa vanfrásög, sem er mjög sjaldgæft, skulu ekki nota lyfið.

Natrium

Lyfið inniheldur minna en 1 mmól (23 mg) af natríum í hverjum skammti, þ.e.a.s. er sem næst natríumlaust.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Lyfhrifamiliverkanir

Samhliða gjöf vericiguats og blóðafllfræðilega virkra efna leiddi aðeins til samlegðaráhrifa (sjá kafla 4.4 og 5.1). Að auki lækkaði vericiguat slagbilsþrýsting um u.þ.b. 1 til 2 mmHg þegar það var gefið samtímis öðrum lyfjum sem notuð eru handa sjúklingum með hjartabilun (sjá kafla 4.8).

Önnur efni sem örva leysanlegan gúanýlatsýklasa (sGC)

Ekki má nota Verquvo samhliða öðrum efnum sem örva leysanlegan gúanýlatsýklasa (sGC) eins og riociguati (sjá kafla 4.3).

PDE5 hemlar

Gjöf á stökum skömmtum af síldenafili (25, 50 eða 100 mg) til viðbótar við endurtekna skammta af vericiguati (10 mg) einu sinni á dag hjá heilbrigðum einstaklingum tengdist viðbótarlækkun á blóðþrýstingi í sitjandi stöðu sem var 5,4 mmHg eða minni (slagbils-/þanbilsþrýstingur, meðalþrýstingur í slagæðum [MAP]) samanborið við gjöf vericiguats eitt sér. Engin skammtaháð þróun kom í ljós með mismunandi skömmtum af síldenafili.

Samhliða gjöf tengdist ekki klínískt mikilvægum áhrifum á útsetningu (AUC og C_{max}) fyrir hvorugu lyfinu.

Samhliða notkun vericiguats og PDE5 hemla, svo sem síldenafils, hefur ekki verið rannsökuð hjá sjúklingum með hjartabilun og er því ekki ráðlögð vegna hugsanlegrar aukinnar hættu á lágþrýstingi með einkennum (sjá kafla 4.4).

Asetýlsalisýlsýra

Gjöf á stökum skammti af vericiguati (15 mg) hjá heilbrigðum einstaklingum breytti ekki áhrifum asetýlsalisýlsýru (500 mg) á blæðingartíma eða samloðun blóðflagna. Blæðingartími eða samloðun blóðflagna breyttist ekki við meðferð með vericiguati (15 mg) einu sér.

Samhliða gjöf asetýlsalisýlsýru tengdist ekki klínískt mikilvægum áhrifum á útsetningu (AUC og C_{max}) fyrir vericiguati.

Warfarín

Gjöf á endurteknum skömmtum af vericiguati (10 mg) einu sinni á dag hjá heilbrigðum einstaklingum breytti ekki áhrifum af stökum skammti af warfaríni (25 mg) á prótrombín tíma og virkni þátta II, VII og X.

Samhliða gjöf tengdist ekki klínískt mikilvægum áhrifum á útsetningu (AUC og C_{max}) fyrir hvorugu lyfinu.

Samsetning sacubitrils/valsartans

Gjöf endurtekinna skammta af vericiguati (2,5 mg) til viðbótar við endurtekna skammta af sacubitrili/valsartani (97/103 mg) hjá heilbrigðum einstaklingum hafði engin viðbótaráhrif á blóðþrýsting í sitjandi stöðu samanborið við gjöf sacubitrils/valsartans eins sér.

Samhliða gjöf tengdist ekki klínískt mikilvægum áhrifum á útsetningu (AUC og C_{max}) fyrir hvorugu lyfinu.

Lífræn nítröt

Samtímis gjöf endurtekinna skammta af vericiguati sem aukin var í 10 mg einu sinni á dag breytti ekki áhrifum stutt- og langverkandi nítrata (nítroglyserín úða og ísósorbíð mónónítrats [ISMN]) á blóðþrýsting í sitjandi stöðu hjá sjúklingum með kransæðasjúkdóm. Hjá sjúklingum með hjartabilun þoldist samhliða notkun stuttverkandi nítrata vel. Takmörkuð reynsla er af samhliða notkun vericiguats og langverkandi nítrata hjá sjúklingum með hjartabilun (sjá kafla 4.4).

Lyfjahvarfamilliverkanir

Brotthvarf vericiguats á sér stað eftir mörgum leiðum hjá mönnum. Megin leiðin er glúkúroníðtenging hvötuð af UGT1A9 og UGT1A1 og hefur vericiguat ekki áhrif á lyfjahvörf annarra lyfja (sjá kafla 5.2).

UGT1A9/1A1 hemlar

Vericiguat er umbrotið af UGT1A9 og UGT1A1. Hemlar á virkni þessara UGT-ensíma geta valdið aukinni útsetningu fyrir vericiguati.

Engin klínískt marktæk áhrif á útsetningu fyrir vericiguati komu fram þegar vericiguat var gefið samtímis mefenamsýru (vægur eða miðlungi öflugur UGT1A9 hemill).

Þar sem öflug hömlun á virkni UGT1A9 eða bæði UGT1A9/1A1 hefur ekki verið rannsökuð í klínískum rannsóknum á milliverkunum vegna skorts á tiltækum hemlum eru klínískar afleiðingar af gjöf samhliða þessum lyfjum ekki þekktar.

Samhliða notkun lyfja sem hækka sýrustig í maga

Samhliða meðferð með lyfjum sem hækka sýrustig í maga, svo sem prótónpumpuhemlum (ómeprazóli), H₂-viðtakahemlum eða sýrubindandi lyfjum (álhýdroxíði/magnesiumhýdroxíði) hafði ekki áhrif á útsetningu fyrir vericiguati þegar sjúklingar með hjartabilun tóku vericiguat með mat samkvæmt leiðbeiningum (sjá kafla 4.2).

Engar marktækar milliverkanir

Samhliða gjöf lyfja sem hafa áhrif á eina eða fleiri brotthvarfsleiðir vericiguats hefur ekki klínískt mikilvæg áhrif á lyfjahvörf vericiguats.

Engin klínískt marktæk áhrif á útsetningu fyrir vericiguati komu fram þegar vericiguat var gefið samtímis ketókonazóli (fjölfærla CYP og hemill á flutningsprótein) eða rifampicíni (fjölfærla UGT, CYP og virkir fyrir flutningsprótein).

Engin klínískt marktæk áhrif á útsetningu fyrir midazólami (CYP3A hvarfefni) eða digoxíni (P-gp hvarfefni) komu fram þegar vericiguat var gefið samtímis þessum lyfjum.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstgjöf

Meðganga

Engar upplýsingar liggja fyrir um notkun vericiguats á meðgöngu. Dýrarrannsóknir hafa sýnt eiturvekanir á æxlun þegar eiturvekanir á móður eru til staðar (sjá kafla 5.3). Í varúðarskyni á ekki að nota vericiguat á meðgöngu eða handa konum á barneignaraldri sem ekki nota getnaðarvarnir.

Brjóstgjöf

Engar upplýsingar liggja fyrir um hvort vericiguat er til staðar í brjóstamjólk, áhrif þess á brjóstmylking eða á mjólkurframleiðslu. Vericiguat er til staðar í mjólk hjá mjólkandi rottum. Ekki er hægt að útiloka hættu fyrir börn sem eru á brjósti.

Vega þarf og meta kosti brjóstgjafar fyrir barnið og ávinning meðferðar fyrir konuna og ákveða á grundvelli matsins hvort hætta eigi brjóstgjöf eða hætta/stöðva tímabundið meðferð með vericiguati.

Frjósemi

Engar upplýsingar liggja fyrir um áhrif vericiguats á frjósemi hjá mönnum. Ekki var sýnt fram á skerðingu á frjósemi í rannsóknum á vericiguati hjá karlkyns og kvenkyns rottum (sjá kafla 5.3).

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Vericiguat hefur lítil áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla. Við akstur eða notkun véla skal taka tillit til þess að einstaka sinnum getur komið fram sundl.

4.8 Aukaverkanir

Samantekt á öryggi

Algengasta aukaverkunin sem tilkynnt var um við meðferð með vericiguati var lágbrýstingur (16,4%).

Tafla yfir aukaverkanir

Öryggi vericiguats var metið í III. stigs rannsókn (VICTORIA) sem tók til 2.519 sjúklinga sem fengu meðferð með vericiguati (allt að 10 mg einu sinni á dag) (sjá töflu 5.1). Miðgildi tímalengdar útsetningar var 1 ár og hámarkstímalengdin var 2,6 ár.

Aukaverkanirnar sem tilkynnt var um við notkun vericiguats í klínískum rannsóknum eru taldar upp í töflunni hér að neðan samkvæmt MedDRA líffæraflokki og tíðni. Tíðni aukaverkana er skilgreind á eftirfarandi hátt: mjög algengar ($\geq 1/10$), algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$), sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$), mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$) og koma örsjaldan fyrir ($< 1/10.000$).

Tafla 1: Aukaverkanir

MedDRA flokkun eftir líffærum	Mjög algengar	Algengar
Blóð og eitlar		Blóðleysi
Taugakerfi		Sundl Höfuðverkur
Æðar	Lágbrýstingur	
Meltingarfæri		Ógleði Meltingartruflun Uppköst Vélindabakflæði

Lýsing á völdum aukaverkunum

Lágbrýstingur

Meðan á VICTORIA rannsókninni stóð var meðallækkun slagbilsþrýstings u.þ.b. 1 til 2 mmHg meiri hjá sjúklingum sem fengu vericiguat samanborið við lyfleysu. Í VICTORIA rannsókninni var tilkynnt um lágbrýsting hjá 16,4% sjúklinga sem fengu meðferð með vericiguati samanborið við 14,9% sjúklinga sem fengu lyfleysu. Þetta tekur einnig til réttstöðuþrýstingsfalls sem tilkynnt var um hjá 1,3% sjúklinga sem fengu vericiguat samanborið við 1,0% sjúklinga sem fengu lyfleysu. Tilkynnt var um lágbrýsting með einkennum hjá 9,1% sjúklinga sem fengu vericiguat og 7,9% sjúklinga sem fengu lyfleysu, og hann var metinn sem alvarleg aukaverkun hjá 1,2% sjúklinga sem fengu vericiguat og 1,5% sjúklinga sem fengu lyfleysu (sjá kafla 4.4).

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#).

4.9 Ofskömmtnun

Ofskömmtnun vericiguats getur valdið lágbrýstingi. Ef nauðsyn krefur skal veita meðferð við einkennum. Ólíklegt er að hægt sé að fjarlægja lyfið með blóðskilun vegna mikillar próteinbindingar þess.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Hjartasjúkdómalyf, önnur æðavíkkandi lyf notuð við hjartasjúkdómum, ATC-flokkur: C01DX22

Verkunarháttur

Vericiguat örvar leysanlegan gúanýlatsýklasa (sGC). Hjartabilun tengist skertri nýmyndun köfnunarefnisoxíðs (NO) og minnkaðri virkni viðtaka þess, sGC. Skortur á sGC-afleiddu hringlaga gúanósíneínfosfati (cGMP) stuðlar að vanstarfsemi hjarta og æða. Vericiguat endurheimtir hlutfallslega skerðingu á NO-sGC-cGMP boðleiðinni með beinni örvun á sGC, óháð og samverkandi við NO, til að auka magn cGMP í frumum, sem getur bætt starfsemi hjarta og æða.

Lyfhrif

Lyfhrif vericiguats eru í samræmi við verkunarhátt sGC örvunar sem veldur slökun á sléttum vöðvum og æðavíkkun.

Í 12 vikna skammtaákvörðunarrannsókn með samanburði við lyfleysu (SOCRATES-REDUCED) hjá sjúklingum með hjartabilun sýndi vericiguat skammtaháða lækkun á NT-proBNP, sem er lífmarki (biomarker) fyrir hjartabilun, samanborið við lyfleysu þegar því var bætt við staðlaða meðferð. Í VICTORIA rannsókninni var áætluð lækkun frá upphafsgildi NT-proBNP í viku 32 meiri hjá sjúklingum sem fengu vericiguat en hjá sjúklingum sem fengu lyfleysu (sjá verkun og öryggi).

Raflifeðlisfræði hjartans

Í sérstakri rannsókn á QT hjá sjúklingum með stöðugan kransæðaæðasjúkdóm lengdi gjöf 10 mg af vericiguati við jafnvægi ekki QT-bilið að því marki að það skipti máli klínískt, þ.e. mesta meðallenging QTcF-bilsins fór ekki yfir 6 ms (efri mörk 90% CI < 10 ms).

Verkun og öryggi

Öryggi og verkun vericiguats voru metin í slembiraðaðri, tvíblindri, atburðadrifinni, fjölsetra rannsókn með samhliða hópum og samanburði við lyfleysu (VICTORIA) þar sem samanburður var gerður á vericiguati og lyfleysu hjá 5.050 fullorðnum sjúklingum með langvarandi hjartabilun með einkennum (NYHA flokkur II–IV) og útfallsbrot vinstra slegils (LVEF) minna en 45% eftir tilvik versnandi hjartabilunar. Tilvik versnandi langvinnrar hjartabilunar var skilgreint sem innlögn á sjúkrahús vegna hjartabilunar innan 6 mánaða fyrir slembiröðun eða notkun þvagræsilyfja í bláæð við hjartabilun á göngudeild innan 3 mánaða fyrir slembiröðun.

Sjúklingar fengu meðferð upp að æskilegum viðhaldsskammti sem nam 10 mg einu sinni á dag af vericiguati eða samsvarandi lyfleysu ásamt annarri meðferð við hjartabilun. Meðferð var hafin með 2,5 mg af vericiguati einu sinni á dag og augin með u.þ.b. 2 vikna millibili í 5 mg einu sinni á dag og síðan 10 mg einu sinni á dag, ef lyfið þoldist vel. Eftir u.þ.b. 1 ár var 89% sjúklinga sem fengu vericiguat og 91% sjúklinga sem fengu lyfleysu gefinn æskilegur 10 mg skammtur til viðbótar við aðrar meðferðir við hjartabilun.

Aðalendapunkturinn var dauðsfall vegna hjarta- og æðasjúkdóms eða sjúkrahúsinnlögn vegna hjartabilunar, hvort sem gerðist fyrr. Miðgildi eftirfylgni fyrir aðalendapunktinn var 11 mánuðir. Sjúklingar á vericiguat fengu meðferð í að meðaltali 1 ár og í allt að 2,6 ár.

Meðalaldur rannsóknarþýðisins var 67 ár, alls voru 1.596 (63%) sjúklingar sem fengu vericiguat 65 ára og eldri og 783 (31%) sjúklingar sem fengu vericiguat voru 75 ára og eldri. Við slembiröðun voru 58,9% sjúklinganna í NYHA flokki II, 39,7% voru í NYHA flokki III og 1,3% voru í NYHA flokki IV. Meðaltal LVEF var 28,9%, u.þ.b. helmingur sjúklinga var með LVEF < 30% og 14,3% sjúklinga var með LVEF á milli 40% og 45%. Algengustu sjúkdómarnir í sögu sjúklinganna sem

tilkynnt var um, aðrir en hjartabilun, voru háþrýstingur (79%), kransæðasjúkdómur (58%), blóðfituhækkun (57%), sykursýki (47%), gáttatif (45%) og hjartadrep (42%). Við slembiröðun var meðaltal eGFR 62 ml/mín./1,73 m² (88% sjúklinga > 30 ml/mín./1,73 m²; 10% sjúklinga ≤ 30 ml/mín./1,73 m²). Alls hófu 67% sjúklinga í VICTORIA rannsókninni þátttöku í rannsókninni innan þriggja mánaða frá sjúkrahúsinnlögn vegna hjartabilunar; 17% 3 til 6 mánuðum eftir sjúkrahúsinnlögn vegna hjartabilunar og 16% innan 3 mánaða frá göngudeildarmeðferð með þvagræsilyfjum í bláæð. Miðgildi NT-proBNP var 2.816 pg/ml við slembiröðun.

Við upphaf rannsóknarinnar fengu meira en 99% sjúklinga aðrar meðferðir við hjartabilun, þar á meðal beta-blokka (93%), ACE-hemla eða angíótensín II viðtakablokka (73%), saltsteraviðtakablokka (70%), samsetningu angíótensínviðtakablokka og neprilýsín hemils (15%), ivabradín (6%), ígræðanleg hjartastuðtæki (28%) og tvíslegla gangráði (15%). 91% sjúklinga fengu meðferð með 2 eða fleiri lyfjum við hjartabilun (beta blokka, einhverjum hemli á renín-angíótensín kerfið eða saltsteraviðtakablokka) og 60% sjúklinga fengu meðferð með öllum 3. 3% sjúklinga fengu meðferð með SGLT2-hemli (sodium glucose co-transporter 2 inhibitor).

Vericiguat reyndist betur en lyfleysa til að minnka hættu á dauðsfalli vegna hjarta- og æðasjúkdóms og sjúkrahúsinnlögn vegna hjartabilunar, byggt á greiningu á tíma fram að tilviki (time-to-event). Árleg heildarminnkun áhættu (absolute risk reduction) var 4,2% fyrir vericiguat, samanborið við lyfleysu. Þess vegna þyrfti að meðhöndla 24 sjúklinga að meðaltali í eitt ár til að koma í veg fyrir eitt dauðsfall vegna hjarta- og æðasjúkdóms eða eina sjúkrahúsinnlögn vegna hjartabilunar. Meðferðaráhrifin endurspegluðu minnkaða hættu á dauðsfalli af völdum hjarta- og æðasjúkdóma, sjúkrahúsinnlögn vegna hjartabilunar, dánartíðni af öllum orsökum eða sjúkrahúsinnlögn vegna hjartabilunar og heildarfjölda sjúkrahúsinnlaga vegna hjartabilunar (sjá töflu 2 og mynd 1).

Tafla 2: Áhrif meðferðar á samsettan aðalendapunkt, þætti hans og aukaendapunkta

	Vericiguat N=2.526	Lyfleysa N=2.524	Samanburður á meðferð
	n (%) [árlegt % ¹]	n (%) [árlegt % ¹]	Áhættuhlutfall (95% CI) ² [Árleg heildarminnkun áhættu %] ⁴
Aðalendapunktur			
Dauðsfall af völdum hjarta- og æðasjúkdóms eða sjúkrahúsinnlögn vegna hjartabilunar ⁵	897 (35,5) [33,6]	972 (38,5) [37,8]	0,90 (0,82; 0,98) p = 0,019 ³ [4,2]
Dauðsfall af völdum hjarta- og æðasjúkdóms	206 (8,2)	225 (8,9)	
Sjúkrahúsinnlögn vegna hjartabilunar	691 (27,4)	747 (29,6)	
Aukaendapunktur			
Dauðsfall af völdum hjarta- og æðasjúkdóms	414 (16,4) [12,9]	441 (17,5) [13,9]	0,93 (0,81; 1,06)
Sjúkrahúsinnlögn vegna hjartabilunar	691 (27,4) [25,9]	747 (29,6) [29,1]	0,90 (0,81; 1,00)
Dauðsfall af hvaða orsök sem er eða sjúkrahúsinnlögn vegna hjartabilunar ⁵	957 (37,9) [35,9]	1.032 (40,9) [40,1]	0,90 (0,83; 0,98)
Heildarfjöldi sjúkrahúsinnlagna vegna hjartabilunar (fyrsta og endurteknar)	1.223 [38,3]	1.336 [42,4]	0,91 (0,84; 0,99) ⁶

¹ Heildarfjöldi sjúklinga með tilvik á hver 100 sjúklingaár í hættu.

² Áhættuhlutfall (vericiguat yfir lyfleysu) og öryggisbil samkvæmt hlutfallslegu áhættulíkani Cox.

³ Úr log-rank prófinu. p-gildi á eingöngu við um áhættuhlutfall en ekki árlega heildarminnkun áhættu.


⁴ Árleg heildarminnkun áhættu, reiknuð sem mismunur (lyfleysa-vericiguat) á % á ársgrundvelli.

⁵ Hjá sjúklingum með mörg tilvik er aðeins talið fyrsta tilvik sem fellur undir samsettan endapunkt.

⁶ Áhættuhlutfall (vericiguat yfir lyfleysu) og öryggisbil samkvæmt líkani Andersen-Gill.

N=Fjöldi sjúklinga í þýði samkvæmt meðferðaráætlun (ITT); n=Fjöldi sjúklinga með tilvik.

Mynd 1: Kaplan-Meier ferill fyrir samsetta aðalendapunktinn: dauðsfall vegna hjarta- og æðasjúkdóms eða sjúkrahúsinnlögn vegna hjartabilunar




Fjöldi sjúklinga í hættu

Vericiguat	2526	2099	1621	1154	826	577	348	125	1	0
Lyfleysa	2524	2053	1555	1097	772	559	324	110	0	0

Skóðaðir voru fjölbreyttir lýðfræðilegir eiginleikar, eiginleikar sjúkdómsins og samhliða notuð lyf við upphaf rannsóknarinnar, með tilliti til áhrifa þeirra á niðurstöðurnar. Niðurstöður varðandi samsetta aðalendapunktinn voru almennt sambærilegar í öllum undirhópum. Niðurstöður fyrirfram skilgreindrar greiningar á tilteknum undirhópi eru sýndar á mynd 2.

Mynd 2: Samsettur aðalendapunktur (dauðsfall vegna hjarta- og æðasjúkdóms eða sjúkrahúsinnlögn vegna hjartabilunar) - fyrirfram skilgreind greining á tilteknum undirhópum



Hugsanlegt er að sjúklingar með mjög hátt NT-proBNP hafi ekki náð fullum stöðugleika og að nauðsynlegt sé að stilla blóðrúmmál hjá þeim og beita þvagræsandi meðferð (sjá kafla 4.1 og 4.2).

Börn

Lyfjastofnun Evrópu hefur frestað kröfu um að lagðar séu fram niðurstöður úr rannsóknum á Verquvo hjá einum eða fleiri undirhópum barna við meðferð á vinstri slegilbilun (sjá upplýsingar í kafla 4.2 um notkun handa börnum).

5.2 Lyfjahvörf

Almenn kynning

Lyfjahvörf vericiguats eru óháð tíma og breytast lítið eða miðlungi mikið eftir því hvort lyfið er gefið með mat. Lyfjahvörf eru í réttu hlutfalli við skammta hjá heilbrigðum sjálfboðaliðum og eru lítillega minni en í réttu hlutfalli við skammta hjá sjúklingum með hjartabilun. Uppsöfnun vericiguats í plasma er allt að 155-171% og lyfjahvörf þess ná jafnvægi eftir u.þ.b. 6 daga. Meðaltöl fyrir lyfjahvarfabreytur vericiguats hjá sjúklingum með hjartabilun við jafnvægi eru í töflu 3. Útsetning við jafnvægi er áætluð 20% meiri hjá sjúklingum með hjartabilun en hjá heilbrigðum sjálfboðaliðum.

Tafla 3: Margfeldis meðaltöl fyrir lyfjahvarfabreytur við jafnvægi í plasma eftir gjöf 2,5 mg, 5 mg eða 10 mg af vericiguati hjá sjúklingum með hjartabilun (N=2.321), samkvæmt þýðislíkani fyrir lyfjahvörf

Lyfjahvarfabreytur	2,5 mg	5 mg	10 mg
C _{max} (µg/l)	120 (29,0)	201 (29,0)	350 (29,0)
AUC (µg•klst./l)	2.300 (33,9)	3.850 (33,9)	6.680 (33,9)

Frásog

Aðgengi vericiguats er mikið (93%) þegar það er tekið með mat. Aðgengi (AUC) og hámarksþéttni (C_{max}) vericiguats í plasma eftir inntöku mulinnar töflu í vatni eru þau sömu og þegar heil tafla er gefin (sjá kafla 4.2).

Áhrif matar

Gjöf vericiguats með fitu- og hitaeningaríkri máltíð eykur T_{max} úr u.þ.b. 1 klukkustund (fastandi) í u.þ.b. 4 klukkustundir (með mat), dregur úr breytileika lyfjahvarfa og eykur útsetningu vericiguats um 19% (AUC) og 9% (C_{max}) fyrir 5 mg töflu og um 44% (AUC) og 41% (C_{max}) fyrir 10 mg töflu samanborið við fastandi ástand. Svipaðar niðurstöður fengust þegar vericiguat var gefið með fitulítilli og kolvetnaríkri máltíð. Því skal taka Verquvo með mat (sjá kafla 4.2).

Dreifing

Meðaldreifingarrúmmál vericiguats við jafnvægi hjá heilbrigðum einstaklingum er u.þ.b. 44 l. Próteinbinding vericiguats í plasma er u.þ.b. 98%, þar sem albúmín í sermi er helsti bindiþátturinn. Próteinbinding vericiguats í plasma breytist ekki við skerta nýrna- eða lifrarstarfsemi.

Umbrot

Glúkúróníðtenging er helsta umbrotsleið vericiguats og leiðir til myndunar á N-glúkúróníði, sem er lyfjafræðilega óvirkt, helsta lyfjatengda efnið í plasma og nemur 72% af heildargildi lyfjatengds AUC, en móðurefnið vericiguat nemur 28% af heildargildi lyfjatengds AUC. N-glúkúróníðtenging er einkum hvötuð af UGT1A9, en einnig UGT1A1. CYP-miðluð umbrot eru minniháttar úthreinsunarleið (< 5%).

Hugsanleg áhrif erfðabreytileika sem tengist UGT hafa ekki verið rannsökuð, enda er einstaklingsbreytileiki varðandi vericiguat lítill eða miðlungi mikill (sjá töflu 3). Stilling skammta af vericiguati dregur úr klínískum áhrifum hugsanlegra breytinga á útsetningu (sjá kafla 4.2).

Brotthvarf

Vericiguat er lyf með litla úthreinsun (1,6 l/klst. hjá heilbrigðum einstaklingum). Helmingunartíminn er u.þ.b. 20 klukkustundir hjá heilbrigðum einstaklingum og 30 klukkustundir hjá sjúklingum með hjartabilun. Eftir inntöku [¹⁴C]-vericiguats hjá heilbrigðum einstaklingum skilst u.þ.b. 53% af skammtinum út með þvagi (einkum sem N-glúkúróníð) og 45% af skammtinum skilst út með saur (einkum sem vericiguat, líklega vegna útskilnaðar N-glúkúróníðs í galli og síðan vatnsrofs fyrir tilstilli örflóru í þörmum, sem myndar vericiguat á ný).

Sérstakir sjúklingahópar

Skert nýrnastarfsemi

Hjá sjúklingum með hjartabilun sem voru með væga, miðlungi alvarlega eða alvarlega skerðingu á nýrnastarfsemi og þörfnuðust ekki skilunar jókst meðalútsetning (AUC) fyrir vericiguati um 5%, 13%, og 20% í þessari röð, samanborið við sjúklinga með eðlilega nýrnastarfsemi. Þessi munur á útsetningu er ekki talinn hafa klíníska þýðingu. Lyfjahlvörf vericiguats hafa ekki verið rannsökuð hjá sjúklingum með eGFR < 15 ml/mín./1,73 m² við upphaf meðferðar eða sem eru í skilun (sjá kafla 4.2 og 4.4).

Í sérstakri klínískri lyfjafræðirannsókn voru þátttakendur með væga, miðlungi alvarlega eða alvarlega skerðingu á nýrnastarfsemi en að öðru leyti heilbrigðir með 8%, 73% og 143% hækkun, í þessari röð, á meðalútsetningu fyrir vericiguati (óbundið AUC-gildi aðlagð líkamspýngd) eftir stakan skammt, samanborið við heilbrigðan samanburðarhóp.

Það ósamræmi sem sést hvað varðar áhrif skertrar nýrnastarfsemi á útsetningu fyrir vericiguati í sérstöku klínísku lyfjafræðirannsókninni annars vegar og greiningunni á sjúklingum með hjartabilun hins vegar, kann að stafa af mun á gerð og stærð rannsókna.

Skert lifrarstarfsemi

Engin marktæk aukning á útsetningu (óbundið AUC) kom fram hjá einstaklingum með væga skerðingu á lifrarstarfsemi (Child-Pugh A) með meðalútsetningu fyrir vericiguati sem var 21% hærri en hjá heilbrigðum einstaklingum með eðlilega lifrarstarfsemi. Hjá einstaklingum með miðlungi alvarlega skerðingu á lifrarstarfsemi (Child-Pugh B) var meðalútsetning fyrir vericiguati u.þ.b. 47% hærri en hjá heilbrigðum einstaklingum með eðlilega lifrarstarfsemi. Lyfjahlvörf vericiguats hafa ekki verið rannsökuð hjá sjúklingum með alvarlega skerðingu á lifrarstarfsemi (Child-Pugh C) (sjá kafla 4.2 og 4.4).

Áhrif aldurs, líkamspýngdar, kyns, þjóðernis, kynþáttar og NT-proBNP í upphafi

Samkvæmt samþættri þýðisgreiningu á lyfjahlvörfum vericiguats hjá sjúklingum með hjartabilun hefur aldur (23-98 ára), líkamspýngd, kyn, þjóðerni, kynþáttur eða upphafsgildi NT-proBNP ekki áhrif sem skipta máli klínískt á lyfjahlvörf vericiguats (sjá kafla 5.1).

Börn

Ekki hafa enn verið gerðar rannsóknir á vericiguati hjá börnum.

In vitro mat á milliverkunum

Vericiguat er hvarfefni UGT1A9 auk UGT1A1 (sjá kafla 4.5). *In vitro* rannsóknir benda til þess að vericiguat og N-glúkúróníð þess séu hvorki hemlar á helstu CYP ísóformin (CYP1A2, 2B6, 2C8, 2C9, 2C19, 2D6 og 3A4) né UGT ísóformin (UGT1A1, 1A4, 1A6, 1A9, 2B4 og 2B7), né heldur hvatar fyrir CYP1A2, 2B6 og 3A4 í þéttni sem skiptir máli klínískt.

Vericiguat er hvarfefni ferjupróteinanna P-glýkópróteins (P-gp) og BCRP (breast cancer resistance protein), en er ekki hvarfefni OCT1 (organic cation transporter 1) eða OATP1B1 eða OATP1B3 (

organic anion transporting polypeptides). Vericiguat og N-glúkúróníð þess eru ekki hemlar á lyfjaferjur, þar með talið P-gp, BCRP, BSEP, OATP1B1/1B3, OAT1, OAT3, OCT1, OCT2, MATE1 og MATE2K, í þéttni sem skiptir máli klínískt.

Þegar á heildina er litið benda þessar upplýsingar til þess að ólíklegt sé að notkun vericiguats hafi áhrif á lyfjahvörf samhliða gefinna lyfja sem eru hvarfefni fyrir þessi ensím eða ferjur.

5.3 Forklínískar upplýsingar

Forklínískar upplýsingar benda ekki til neinnar sérstakrar hættu fyrir menn, á grundvelli hefðbundinna rannsókna á lyfjafræðilegu öryggi, eiturverkunum eftir endurtekna skammta, eiturverkunum á erfðaeefni, krabbameinsvaldandi áhrifum og frjósemi karla og kvenna.

Í rannsóknum á eiturverkunum eftir endurtekna skammta einkenndust eituráhrif af áhrifum sem komu fram í kjölfar yfirdrífna lyfhrifa. Í kjölfar slökunar á sléttum vöðvum komu fram áhrif á blóðflæði og meltingarveg hjá öllum tegundum sem rannsakaðar voru.

Hjá ungum rottum í örum vexti sáust afturkræf áhrif á bein sem fólu í sér ofvöxt í vaxtarlínunum, beinofvöxt og umbyggingu á beinfal og beinskafti. Þessi áhrif komu ekki fram eftir langvarandi gjöf vericiguats hjá fullorðnum rottum og nánast fullorðnum hundum.

